

Rammasamningur Samtaka náttúrustofa og Stofnunar fræðasetra Háskóla Íslands varðandi samstarf um rannsóknir og kennslu í náttúru- og umhverfisfræðum.

Samtök náttúrustofa (SNS) annars vegar og Stofnun fræðasetra Háskóla Íslands hins vegar gera með sér eftirfarandi rammasamning um eflingu samstarfs:

Markmið

Markmið sammingsins er að efla samstarf og faglegt samráð ofangreindra aðila um kennslu og rannsóknir í náttúru- og umhverfisfræðum. Þannig eflist starfsemi stofnananna m.a. með samvinnu starfsfólks og samnýtingu á aðstöðu. Með þessu móti er mætt mikilli og vaxandi þörf í landinu fyrir háskólamenntun og rannsóknir á þessu sviði, ekki síst á landsbyggðinni. Lögð verði áhersla á að samstarfið leiði til þekkingar og menntunar í hæsta gæðaflokki sem standist í einu og öllu alþjóðlegan samanburð.

Forsendur

Samtök náttúrustofa á Íslandi hafa innan sinna vébanda; Náttúrustofu Austurlands, Náttúrustofu Norðausturlands, Náttúrustofu Norðurlands vestra, Náttúrustofu Vestfjarða, Náttúrustofu Vesturlands, Náttúrustofu Reykjaness og Náttúrustofu Suðurlands. Náttúrustofurnar starfa á vegum sveitarfélaga en samningur var gerður milli umhverfisráðherra og þeirra sveitarfélaga sem standa að rekstri þeirra. Hlutverk þeirra samkvæmt lögum er: m.a. að safna gögnum, varðveita heimildir um náttúrufar og stunda vísindalegar náttúru- og rannsóknir einkum í þeim landshlutum sem stofnurnar starfa, veita fræðslu og ráðgjöf um umhverfismál og náttúrufræði.

Stofnun fræðasetra Háskóla Íslands er rannsókn- og þjónustustofnun sem heyrir undir Háskólaráð. Stofnunin byggist á fræða- og rannsóknasetrum Háskóla Íslands á landsbyggðinni sem eru faglega sjálfstæðar einingar. Stofnunin er vettvangur samstarfsverkefna Háskólans við sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga á landsbyggðinni. Markmið stofnunarinnar er enn fremur að skapa aðstöðu til rannsókna á landsbyggðinni, auka möguleika almennings til menntunar og styrkja tengsl Háskóla Íslands við atvinnu- og þjóðlíf.

Kennsla og rannsóknir

Samtök náttúrustofa og Stofnun fræðasetra Háskóla Íslands munu standa að nánu samstarfi um rannsóknir, með áherslu á þátttöku nemenda í B.S., M.S. og Ph.D. námi. Þessar rannsóknir spanna grunn- og hagnýtar rannsóknir í náttúru- og umhverfisfræðum og tengdum sviðum svo sem fornleifafræði. Samvinna verður við stofnanir og fyrirtæki hérlendis og erlendis. Stofnanirnar munu leitast við að sækja sameiginlega um rannsóknastyrki í samkeppnissjóði, og mynda með öðrum innlendum og erlendum stofnunum sterk rannsóknarteymi.

Aðstaða

Stofnanirnar munu samnýta aðstöðu og tækjabúnað til kennslu og rannsókna eins og unnt er. Miðað skal við að öll uppbygging á aðstöðu og tækjabúnaði á Náttúrustofum og Fræðasetrum Háskólans geti nýst báðum aðilum og skal leitast við að sækja sameiginlega um fjármuni til uppbyggingar aðstöðunar.

Verkefni og fjármögnun

Samstarf um kennslu og rannsóknir mun aðallega snúast um skilgreind verkefni. Stofnanirnar munu leita sameiginlegra rannsóknarstyrkja, hérlendis og erlendis, auk annarrar fjármögnunar, t.d. frá fyrirtækjum eða stjórnvöldum. Um hvert verkefni, framvindu þess og kostnaðarskiptingu skal gera sérstakt minnisblað.

Stjórnun og miðlun

Skipulag, fjárhagslegur rekstur og framvinda samnings þessa skal vera samþykkt af stjórn SNS, forstöðumönnum náttúrustofanna og Háskólaráði. Gerð skal grein fyrir samstarfinu í opinberu kynningarefni og ársskýrslum ofangreindra stofnana. Aðilar sameinast um kynningu á þeim möguleikum til menntunar og rannsókna sem samstarfið felur í sér sem og á öllum rannsóknaniðurstöðum.

Bakkaflöt, 30. september 2006

F. h. Samtaka náttúrustofa

Sveinn Kári Valdimarsson
formaður

Rögnvaldur Ólafsson
F. h. Stofnunar Fræðasetra Háskóla Íslands